

Formlegt erindi um rekstur Gimli

## Vinnustofa & Kaffi á Gimli (*vinnutitill*)

10.07.2019

### Umsækjendur:

Alda Rose Cartwright

Eva Guðbjartsdóttir

Myrra Rós Prastardóttir

Pétur Már Guðmundsson

## Tillaga

Við hér með sækjum um rekstur á efri hæð Gimli sem áður var Kaffi Gimli. Okkar tillaga að rekstri í Gimli á Stokkseyri, snýst um að hafa margþættann rekstur. Þar verður lifandi vinnustofa með silkiprenti, vefbókabúð, sápugetu og hönnunar verkstæði. Til að byrja með verður eingöngu boðið uppá kaffi (og te) og meðlæti en aðal áherslan verður á fjölbreytta starfsemi vinnustofunnar. Þar sem svo margþætt starfsemi verður í húsinu verður alltaf einhver á staðnum sem þýðir að kaffihúsið gæti verið opið daglega. Helsta aðráttarafl staðarins verður sá kostur að sjá lista-og handverksfólk að störfum og versla beint frá þeim sem og sækja viðburði á okkar vegum. Við viljum aðgreina okkur frá þeirri starfsemi sem Gallerí Gimli er með á neðri hæð, með bæði nafni og starfsemi og við vonumst eftir jákvæðu samstarfi okkar á milli.

Fyrst um sinn yrði þetta vinnustofa fyrir BIK, FJADRAFOK, SIGVALDI og YLFARÍA.

## Markmið

1. Skapa vettvang fyrir listamenn, hönnuði og skapandi fólk á Suðurlandi.
2. Reka óhefðbundið kaffihús sem verður eins og opin kaffistofa á vinnustofunni með áherslu á einfaldleika, hráefni úr nærumhverfi og lifandi matseðil. Það þýðir að við munum leitast við að nýta hverslags uppskerur sem eru hverju sinni.
3. Efla menningarstarfsemi í sveitarfélaginu Árborg með samkomustað með fjölbreytta dagskrá á boðstólnum. Til að mynda ýmis námskeið í sápugetu, fræðslukvöld, silkiprykk námskeið fyrir börn og fullorðna, bókakynningar, jólamarkað, uppskeru- og sumarhátíð.
4. Samkomustaður fyrir þorpsbúa.
5. Efla fjölbreytt atvinnulíf í Árborg og með það að leiðarljósi að skapa okkur atvinnu til frambúðar á Stokkseyri.
6. Mynda eftirsóknaverða sérstöðu við ströndina.
7. Stöðugir opnunartímar og miðlun til ferðamanna.

Við búum að fjölbreyttri og góðri menntun og reynslu við það sem við höfum fram að bjóða. Styrkleikar okkar eru m.a. mjög gott tengslanet og góð samskipti, sveigjanleiki og reynsla á hinum ýmsu sviðum. Allt þetta er mikilvægur þáttur til að ná í verðmæta markhópa innan sem og utan sveitarfélagsins. Virkja þarf sem flesta innan sveitarfélagsins til leggja til verkefnisins. Hvort sem um ræðir listsýningar, tónleika, námskeið, matar smökkun og markaði, bíókvöld, ljóðaupplestur, spilakvöld, bókakvöld, héraðssögu fræðslu eða þrjónakvöld. Það er langur listi af hæfileikaríkum einstaklingum á Stokkseyri og Eyrarbakka sem hægt væri bjóða afnot af húsnæðinu, möguleikarnir eru allt að því óþrjótandi. Það er að okkar mati lykilatriði að eiga gott samstarf við Árborg til að byggja upp sterkan og fjölbreyttan tekjugrunn fyrir rekstur af þessu tagi. Við teljum að hugmynd okkar að samstarfi og rekstri veitir okkur sérstöðu á svæðinu.

Það hefur sýnt sig að hefðbundinn rekstur á kaffihúsi er erfiður á Stokkseyri. Þar kemur til m.a. fámenni og fábreytni í vöruframboði. Það er hugmynd okkar að fjölbreytni, góð þjónusta og góð vara séu lykilatriði til þess að reksturinn geti gengið.

## Framkvæmd

Við bjóðum uppá tvær tillögur varðandi leigugreiðslur. Annars vegar 60.000kr í 12 mánuði eða þar til reksturinn er kominn af stað og við getum betur gert okkur grein fyrir hver veltan er.

Önnur hugmynd væri að 4 mánuðir væru án leigu og svo 70.000 kr í 8 mánuði í framhaldi af því. Allt saman samningsatriði sem væri svo hægt að endurskoða að ári.

Með þessu myndast svigrúm til þess að koma rekstrinum af stað og leggja grunn að langtíma markmiðum fyrir farsælan rekstur og fjölbreytni til heilla og í samstarfi við allt nærumhverfið.

Fyrstu 3 - 4 mánuðirnir færu í það að koma okkur fyrir og þreifa fyrir okkur. Útlagður kostnaður og tími færi í að sækja um kennitölu, rekstrarleyfi, innanstokksmuni og hönnun, skipulagningu viðburða, auglýsingar og umfjöllun. Mikilvægt er að skipuleggja þessa þætti vel með góðum fyrirvara til að ná sem bestum árangri.

Því verðmæti eru fólgin í lifandi menningarstarfsemi sem er einnig stór ávinningur sveitafélagsins. Fyrir lítið þorp eins og Stokkseyri gæti þessi blandaði rekstur eins og við leggjum til haft styrkjandi áhrif á ímynd bæjarins og þeirra sem búa hér við ströndina.

Við tókum þá ákvörðun að kaupa ekki innbúið af Elínu þar sem við erum að fara í allt annan kyns rekstur og einnig töldum við verðið of hátt. Við erum í öðrum hugleiðingum og tókum annan pól á reksturinn en hefur verið hingað til svo við viljum koma að þessu á okkar forsendum.

## Væntanleg útkoma

- Sjálfbær starfsemi í húsinu Gimli til framtíðar.
- Reglulegir menningar viðburðir allt árið kring.
- Kröftugt tengslanet á milli bæjarbúa og listamanna.
- Skapa menningarlega auðlind við ströndina.
- Aukið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.